

Stjórnarháttayfirlýsing - óendurskoðuð

Stjórnarhættir Íslandssjóða hf. 2024

Með þessari yfirlýsingu um stjórnarhætti Íslandssjóða hf. er félagið að fylgja þeim viðurkenndu leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland með það að markmiði að styrkja innviði Íslandssjóða og auka gagnsæi. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja er hægt að nálgast á vefsíðunni www.leidbeiningar.is.

Stjórnarháttayfirlýsing Íslandssjóða er hluti af ársreikningi félagsins og er einnig aðgengileg á heimasíðu félagsins, www.islandssjodir.is.

Íslandssjóðir hafa hlotið viðurkenningu sem „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum“ árlega frá árinu 2013. Viðurkenningin er veitt af Stjórnvísí. Íslandssjóðir hlutu viðurkenninguna að undangenginni ítarlegri úttekt endurskoðunarfyrirtækisins KPMG sem framkvæmd var árið 2013, 2017, 2020 og 2024 vegna endurnýjunar á viðurkenningunni. Viðurkenningin gildir í þrjú ár í senn nema verulegar breytingar verði á stjórn eða eignarhaldi fyrirtækis.

Lög og reglur

Íslandssjóðir eru með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 116/2021 og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt lögum nr. 45/2020. Félagið er jafnframt með starfsleyfi fyrir eignastýringu og fjárfestingarráðgjöf og gilda lög um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021 við framkvæmd þeirra verkefna. Félagið er hlutafélag og gilda jafnframt um starfsemi þess ákvæði laga um hlutafélög nr. 2/1995. Lögin má nálgast á vef Alþingis, www.althingi.is.

Um félagið

Íslandssjóðir eru fjármálastofnun sem sérhæfir sig á sviði sjóðastýringar og annast rekstur og stýringu verðbréfasjóða, sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta og annarra sérhæfðra sjóða. Auk þess starfar félagið á sviði eignastýringar og er með starfsleyfi fyrir fjárfestingarráðgjöf. Hlutverk Íslandssjóða er að stýra eignum á faglegan hátt þar sem hagsmunir viðskiptavina eru ávallt í fyrirrúmi. Félagið var stofnað árið 1994 og nefndist þá Rekstrarfélag VÍB hf.

Íslandssjóðir hafa gert útvistunarsamninga við Íslandsbanka hf. þar sem Íslandsbanki tekur að sér ákveðin verkefni fyrir Íslandssjóði á grundvelli 22. gr. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og 29. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Íslandsbanki tekur m.a. að sér að hafa milligöngu um sölu og innlausn hlutdeildarskírteina, ráðgjöf og aðra þjónustu við eigendur hlutdeildarskírteina. Fjármálasvið Íslandsbanka annast bókhald sjóða, útreikning á innlausnarvirði og utanumhald skráa yfir eigendur hlutdeildarskírteina. Íslandsbanki er jafnframt vörsluaðili eigna sjóða í rekstri hjá Íslandssjóðum í samræmi við skyldur vörsluaðila samkvæmt lögum. Þá hefur félagið gert samninga við Íslandsbanka um útvistun regluvörslu og innri endurskoðunar.

Starfsmenn félagsins voru 23 í árslok 2024.

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum hluthafa þess sem hittast á hluthafafundum að minnsta kosti einu sinni á ári. Um boðun hluthafafunda og tilskilin fundargögn og upplýsingar fyrir hluthafafundi gilda samþykktir félagsins. Samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja skal birta upplýsingar um dagsetningu og tíma hluthafafunda, aðila í framboði til stjórnar, dagskrá og framlögð fundargögn á vefsíðu félagsins fyrir hluthafafund. Í ljósi þess að félagið er í eigu eins aðila, Íslandsbanka hf., hefur ekki þótt tilefni til að birta umræddar upplýsingar á vefsíðunni fyrir fundina en þær eru sendar hluthafanum innan lögboðins tímaramma. Afrit af fundargerðum og dagskrá hluthafafunda eru birtar á heimasíðu Íslandssjóða. Á skrifstofu félagsins að Hagasmára 3, 201 Kópavogi er haldin skrá yfir hluthafa þess og er hún aðgengileg hluthöfum.

Stjórnarháttayfirlýsing - óendurskoðuð

Stjórn Íslandssjóða

Stefna Íslandssjóða er að meirihluti stjórnarmanna séu óháðir en á starfsárinu 2024 voru allir stjórnarmenn óháðir félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum, sem ráða yfir a.m.k. 10% af heildarhlutafé eða atkvæðavægi í félaginu, einir sér eða í samstarfi við nátengda aðila. Stjórn Íslandssjóða starfar eftir starfsreglum sem settar eru á grundvelli laga um hlutafélög og leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Stjórn Íslandssjóða samanstendur af fjórum aðalmönnum og tveimur varamönnum og eru þeir allir kosnir á aðalfundi félagsins til eins árs í senn. Kynjahlutfall er jafnt í stjórn félagsins.

Stjórn félagsins ber meginábyrgð á rekstri þess og fer með æðsta vald í málefnum þess á milli hluthafafunda. Stjórnin hefur lögbundnu hlutverki að gegna sem henni ber sjálfri að annast.

Á starfsárinu 2024 voru haldnir 13 formlegir stjórnarfundir, þar af voru tveir haldnir með rafrænum miðlum. Allir fundir voru ákvörðunarbærir og á einungis einum stjórnarfundum voru boðuð forföll af hálfu stjórnarmanns.

Helstu hlutverk stjórnar

- Að hafa yfirumsjón með starfsemi félagsins og að hafa eftirlit með rekstri þess, sérstaklega bókhaldi og fjárreiðum, í samræmi við lög og samþykktir.
- Að staðfesta höfuðþætti í stjórnskipulagi félagsins.
- Að ráða framkvæmdastjóra og ákveða starfskjör hans.
- Að taka ákvörðun um afskriftir eigna félagsins.
- Að gera tillögu til aðalfundar um ráðstöfun hagnaðar/taps samkvæmt ársreikningi félagsins.
- Að veita prókúruumboð fyrir félagið.
- Að annast önnur þau verkefni sem ákveðin eru í lögum, þ.á.m. að halda hlutaskrá.
- Fjalla um stofnun, slit og sameiningu sjóða í rekstri félagsins.
- Meta árlega störf sín, verklag og starfshætti auk þess að meta störf framkvæmdastjóra félagsins og störf undirnefnda.
- Að samþykkja áhættustefnu og áhættuvilja félagsins.

Stjórnarmenn skulu jafnframt þekkja þau lög og reglur sem um starfsemi félagsins gilda og þurfa að taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig. Auk þess þurfa þeir að hafa skilning á markmiðum og verkefnum félagsins, tryggja að til staðar sé innra eftirlit, að ákvörðunum stjórnar sé framfylgt og að lögum og reglum sé fylgt í rekstrinum. Einnig að sjá um að skipulag félagsins sé jafnan í góðu horfi og að hagsmuna allra hluthafa sé ávallt gætt. Stjórnarmenn þurfa að haga störfum sínum í samræmi við góða stjórnarhætti sbr. leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja útgefnar af Viðskiptaráði, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins.

Stjórnarmenn Íslandssjóða

Sylvía Kristín Ólafsdóttir er formaður stjórnar. Hún er með M.Sc. próf í Operational Research frá London School of Economics og B.Sc. próf í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands. Hún er fædd árið 1980. Hún var fyrst kjörin í stjórn félagsins í apríl 2021. Hún starfar sem framkvæmdastjóri rekstrarsviðs hjá Icelandair. Áður starfaði hún m.a. sem framkvæmdastjóri hjá Origo 2020-2022, forstöðumaður hjá Icelandair frá 2018-2020, forstöðumaður hjá Landsvirkjun frá 2015-2018 og einnig hefur hún starfað fyrir Amazon í Evrópu og Seðlabanka Íslands. Sylvía á sæti í stjórn félags sem tengist ekki starfsemi Íslandssjóða. Sylvía og tengdir aðilar eiga ekki eignarhlut í Íslandssjóðum og er hún óháð bæði félaginu og stórum hluthöfum þess og hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandssjóða. Sylvía situr í starfskjaranefnd Íslandssjóða. Sylvía hefur ekki tekið að sér dagleg störf fyrir félagið.

Kristján Björgvinsson er varaformaður stjórnar. Hann er fæddur árið 1964. Hann var fyrst kjörinn í stjórn félagsins sem varamaður en kom inn sem aðalmaður í apríl 2012. Kristján er framkvæmdastjóri fjármálasviðs Hrafnistu og Sjómannadagsráðs og starfaði áður m.a. sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs Mjólkursamsölnunnar og Auðhumlu frá 2010 til 2018, við endurskipulagningu á innri rekstri SPRON/Dróma 2009-2010 og sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs Geysis Green Energy 2007-2008. Hann er viðskiptafræðingur frá Háskóla

Stjórnarháttayfirlýsing - óendurskoðuð

Íslands, með M.Sc. gráðu í fjármálum frá Háskóla Íslands auk þess að hafa lokið löggildingu til að starfa við endurskoðun og er með próf í verðbréfavíðskiptum. Kristján situr í endurskoðunarnefnd Íslandssjóða og er formaður nefndarinnar. Kristján situr ekki í stjórnnum annarra félaga. Kristján eða tengdir aðilar eiga ekki eignarhlut í Íslandssjóðum og er hann óháður bæði félaginu og stórum hluthöfum þess og hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandssjóða. Kristján hefur ekki tekið að sér dagleg störf fyrir félagið.

Jensína Kristín Böðvarsdóttir er fædd árið 1969. Hún var kjörin í stjórn félagsins í apríl 2016. Jensína er framkvæmdastjóri og eigandi Vinnvinn, ráðningar og ráðgjöf. Þar áður var hún Associate Partner hjá alþjóðlega ráðgjafafyrirtækinu Valcon. Hún var framkvæmdastjóri hjá Alvogen frá 2015 til ársloka 2018. Jensína starfaði áður m.a. sem framkvæmdastjóri þróunar og mannauðs hjá Landsbankanum 2010-2015 og sem forstöðumaður sölu á einstaklingssviði Símans 2007-2010. Jensína er með BA gráðu í auglýsingafræði frá San Jose State University og MBA gráðu frá University of San Diego. Jensína situr í starfskjaranefnd Íslandssjóða. Jensína situr í stjórn Haga og auk þess er hún formaður tilnefningarnefndar Símans og VÍS. Jafnframt á hún sæti í stjórnnum félaga sem tengist ekki starfsemi Íslandssjóða. Jensína eða tengdir aðilar eiga ekki eignarhlut í Íslandssjóðum og er hún óháð bæði félaginu og stórum hluthöfum þess og hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandssjóða. Jensína hefur ekki tekið að sér dagleg störf fyrir félagið.

Sigurður B Stefánsson er fæddur árið 1947. Hann var kjörinn í stjórn félagsins í apríl 2017. Hann er sjálfstætt starfandi og starfaði áður m.a. sem sjóðstjóri hjá Rose Invest 2009-2011, sjóðstjóri og formaður fjárfestingaráðs hjá eignastýringu Landsbankans 2011-2013 og hagfræðingur hjá Landsbankanum frá 2013-2015. Sigurður er með B.Sc. Hons. í verkfræði frá háskólanum í Edinborg, M.Sc. í stjórnunarfræði frá London School of Economics og M.Sc. í stærðfræðilegri hagfræði frá sama skóla og Ph.D. í hagfræði frá háskólanum í Essex á Englandi. Sigurður situr í endurskoðunarnefnd Íslandssjóða. Hann á sæti í stjórn félags sem tengist ekki starfsemi Íslandssjóða. Sigurður eða tengdir aðilar eiga ekki eignarhlut í Íslandssjóðum og er hann óháður bæði félaginu og stórum hluthöfum þess og hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandssjóða. Sigurður hefur ekki tekið að sér dagleg störf fyrir félagið.

Starfsreglur stjórnar og stefna um hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og starfsmanna sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum

Stjórn félagsins hefur sett sér starfsreglur sem voru endurskoðaðar og samþykktar hinn 22. október 2024. Starfsreglur stjórnar má nálgast á heimasíðu félagsins. Reglurnar kveða m.a. á um óhæði stjórnarmanna, upplýsingagjöf og verkaskiptingu.

Jafnframt hefur stjórn sett sér stefnu um hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og starfsmanna sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum sem samþykkt var 22. febrúar 2022. Í stefnunni er m.a. kveðið á um að samsetning stjórnar, framkvæmdastjóra og starfsmanna sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum skuli á hverjum tíma vera fjölbreytt m.t.t. menntunar, starfsreynslu, kyns og aldurs. Þá skal tryggt að hlutfall hvers kyns í stjórn sé ekki lægra en 50%. Stjórn ræðir árlega um aðgerðir félagsins til að framfylgja stefnu um fjölbreytileika í tengslum við stjórn, framkvæmdastjórn og starfsmenn sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum.

Árangursmat stjórnar og undirnefnda

Stjórn félagsins framkvæmdi formlegt árangursmat í mars 2024. Árangursmatið byggir m.a. á sjálfsmati hvers stjórnarmanns, mati á hvort starfsreglum og starfsáætlun hafi verið fylgt, ásamt eftirfylgni mála sem stjórnin hefur afgreitt. Jafnframt var framkvæmt mat á störfum undirnefnda félagsins og framkvæmdastjóra og farið yfir reglulegar vinnustaðgreiningar og stjórnendamati.

Stjórnarháttayfirlýsing - óendurskoðuð

Skipan og starfsemi undirnefnda

Tvær undirnefndir eru starfandi undir stjórn félagsins, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Starfsreglur stjórnar og erindisbréf undirnefndanna kveða á um hvernig skuli skipað í nefndirnar. Erindisbréf endurskoðunarnefndar og starfskjaranefndar eru birt á heimasíðu félagsins.

Endurskoðunarnefnd skal skipuð tveimur til þremur mönnum og a.m.k. einn þeirra skal vera stjórnarmaður Íslandssjóða. Endurskoðunarnefnd er skipuð af stjórn Íslandssjóða auk þess sem stjórn tilnefnir formann endurskoðunarnefndar. Stjórn gefur út erindisbréf til endurskoðunarnefndar sem hún starfar eftir. Nefndarmenn endurskoðunarnefndar á árinu 2024 voru Kristján Björgvinsson, formaður nefndarinnar, Sigurður B Stefánsson og Þorgerður Marinósdóttir, löggiltur endurskoðandi og starfsmaður fjármálasviðs Landsvirkjunar. Á starfsárinu 2024 voru haldnir tveir fundir hjá endurskoðunarnefnd og mættu allir nefndarmenn á alla fundi.

Starfskjaranefnd er skipuð af stjórn Íslandssjóða og skal hún skipuð a.m.k. tveimur mönnum. Hlutverk nefndarinnar er útfært í erindisbréfi nefndarinnar. Nefndarmenn starfskjaranefndar á árinu 2024 voru Jensína Kristín Böðvarsdóttir og Sylvía Kristín Ólafsdóttir. Á starfsárinu 2024 var einn fundur haldinn hjá starfskjaranefnd og tóku báðir nefndarmenn þátt í fundinum.

Framkvæmdastjóri Íslandssjóða

Framkvæmdastjóri Íslandssjóða ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins gagnvart stjórn þess og hluthöfum. Skal hann sjá um að hagkvæmni og settum markmiðum verði sem best náð í rekstri og starfsemi félagsins. Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundum félagsins. Núverandi framkvæmdastjóri og jafnframt prókúruhafi er Kjartan Smári Höskuldsson.

Kjartan er fæddur árið 1980 og er með BA í sálfræði frá Háskóla Íslands, MA gráðu í alþjóðaviðskipum frá UAB í Barcelona og hefur lokið AMP frá IESE Business School í Barcelona. Hann er jafnframt með próf í verðbréfavíðskiptum. Hann tók við sem framkvæmdastjóri félagsins í október 2016 en áður hafði hann um árábil starfað hjá VÍB, eignastýringarþjónustu Íslandsbanka, m.a. sem forstöðumaður ráðgjafar og þjónustu.

Helstu skyldur framkvæmdastjóra eru skilgreindar í samþykktum félagsins og í starfsreglum stjórnar en að auki er til sérstök starfslýsing framkvæmdastjóra frá júní 2020 þar sem ábyrgðarsvið og verkþættir eru skilgreindir.

Samkvæmt samþykktum Íslandssjóða hefur framkvæmdastjóri með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir hönd þess í öllum málum sem varða venjulegan rekstur, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og ákvarðanir stjórnar. Þar segir jafnframt að framkvæmdastjóra sé óheimilt, nema að fengnu leyfi stjórnar, að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja eða taka þátt í öðrum atvinnurekstri að öðru leyti nema lög kveði á um annað. Framkvæmdastjóri hefur fengið leyfi stjórnar til að sinna stjórnarformennsku í 105 Miðborg slhf. og ábyrgðaraðila þess, 105 Miðborg GP ehf., en 105 Miðborg er með rekstrarsamning við Íslandssjóði. Einnig hefur framkvæmdastjóri fengið leyfi stjórnar til að sinna stjórnarformennsku í IS Haf GP ehf., sem er ábyrgðaraðili og gegnir hlutverki stjórnar sérhæfða sjóðsins IS Haf fjárfestingar slhf. sem er með rekstrarsamning við Íslandssjóði.

Starfsreglur stjórnar kveða á um að framkvæmdastjóri skuli annast rekstur í samræmi við mótaða stefnu og ákvarðanir stjórnar, undirbúa fundi stjórnar í samráði við formann og sitja stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Með umboði stjórnarformanns getur hann boðað fundi stjórnar og boðað varamenn í forföllum aðalmanna í samráði við stjórnarformann félagsins.

Starfslýsing framkvæmdastjóra kveður á um að hann beri ábyrgð á að sjóðir í stýringu, rekstrarfélagið og umsýsla sjóða sé í samræmi við lög og reglur. Hann á að sjá til þess að innra eftirlit og áhættustýring sé til staðar, hafa umsjón með starfsmanna- og launamálum í samráði við stjórnarformann, að stýra vöruframboði félagsins og hafa samskipti við endurskoðendur félagsins í samráði við stjórn og samskipti við opinbera aðila, s.s. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands.

Framkvæmdastjóri eða tengdir aðilar eiga ekki eignarhlut eða kauprétt að hlutum í félaginu og er hann óháður helstu viðskipta- og samkeppnisaðilum félagsins sem og stórum hluthöfum þess.

Stjórnarháttayfirlýsing - óendurskoðuð

Helstu þættir áhættustýringar og innra eftirlits félagsins

Áhættustýring og innra eftirlit er sjálfstæð eining innan Íslandssjóða, sem hefur með höndum verkefni sem lúta að áhættustýringu og innra eftirliti. Stjórn hefur mótað og samþykkt áhættustefnu fyrir félagið og sjóði í rekstri þess, þar sem m.a. er fjallað um helstu áhættuþætti og framkvæmd áhættustýringar. Verkefni áhættustýringar mótask af áhættustefnu félagsins þar sem undir falla ýmis verkefni svo sem eftirlit með framfylgd áhættustefna Íslandssjóða og eftirlit með að eignir sjóða og safna séu í samræmi við fjárfestingarstefnur og ákvæði laga. Einnig leiða rekstraráhættusjálfsmat (RCSA), gerð álagsprófa, rekstrarsamfelluáætlun, eftirlitsskýrslur tengdar áhættustýringu til m.a. stjórnar og almenn ráðgjöf vegna áhættustýringarmálefna. Samkvæmt áhættustefnunni skal forstöðumaður áhættustýringar skila árlega skýrslu til stjórnar um framkvæmd áhættustýringar.

Hjá félaginu er starfandi áhættunefnd sem er skipuð framkvæmdastjóra, forstöðumanni áhættustýringar og innra eftirlits, sjóðstjóra og lögfræðingi félagsins. Nefndin metur m.a. útgefendur verðbréfa fjármálagerninga og form fjárfestingarkosta og veitir starfsmönnum og stjórnendum félagsins ráðgjöf um ýmis áhættutengd málefni.

Á árinu 2024 var sett á laggirnar sjálfbærni ráð Íslandssjóða í þeim tilgangi að skapa formlegan vettvang fyrir m.a. rýni, mat og umræðu um mál er varða upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu, sjálfbærar fjárfestingar og ábyrgar fjárfestingar, þ.m.t. sjálfbærniáhættu, sjálfbærni- og UFS þætti.

Stjórn hefur gert útvistunarsamning um innri endurskoðun við innri endurskoðun Íslandsbanka. Innri endurskoðandi sér um úttektir á starfsemi félagsins og veitir endurskoðunarnefnd og stjórn reglulega upplýsingar auk þess að skila árlega skýrslu til bæði endurskoðunarnefndar og stjórnar. Félagið hefur einnig gert útvistunarsamning um regluvörslu við Íslandsbanka og skilar regluvarsla árlega skýrslu um verkefni liðins starfsárs til framkvæmdastjóra og er skýrslan kynnt fyrir stjórn.

Ársreikningar félagsins

Starfsár Íslandssjóða er frá 1. janúar til 31. desember. Árs- og árshlutareikninga félagsins er hægt að nálgast á heimasíðu félagsins.

Gildi félagsins, siðareglur og stefna um sjálfbærni

Gildi félagsins eru eftirfarandi: Samvinna – Fagmennska – Framsækni.

Félagið hefur sett sér siða- og háttarnisreglur sem síðast voru uppfærðar og samþykktar af stjórn í janúar 2021. Reglurnar eru birtar á heimasíðu félagsins. Reglurnar gilda fyrir alla starfsemi, starfsmenn, stjórnendur og stjórn félagsins. Þeim er ætlað að stuðla að góðum starfsháttum innan félagsins og jafnframt ætlað að styðja við aðrar reglur og stefnur sem félagið hefur sett sér. Í reglunum er m.a. fjallað um:

- Áhættumeningu.
- Einelti og áreitni.
- Persónuvernd.
- Tilkynningar er varða misferli.
- Persónulega hegðun starfsmanna.

Félagið hefur meðal annars einnig sett sér stefnu varðandi hagsmunaárekstra, áætlun um nýtingu atkvæðisréttar á hluthafafundum félaga sem sjóðir í rekstri Íslandssjóða eiga eignarhlut í, stefnu um framkvæmd viðskiptafyrirmæla, reglur um viðskipti starfsmanna félagsins og stefnu um ábyrgar fjárfestingar sem er birt á heimasíðu félagsins.

Stjórn félagsins samþykkti stefnu Íslandssjóða um sjálfbærni í febrúar 2022. Stefnan byggir á hlutverki, gildum og áherslum félagsins og leggur grunn að ábyrgð þess gagnvart umhverfi og samfélaginu. Stjórn og starfsmenn félagsins líta svo á að það felist margþættur ávinningur í að sýna fram á ábyrgð félagsins gagnvart umhverfi og samfélagi og telja að það byggi traustar undirstöður undir fjárhagslega frammistöðu félagsins og stuðli að því að skapa heilbrigðan fjármálamarkað. Félagið hefur einnig sett sér stefnu í ábyrgum fjárfestingum sem var síðast uppfærð og samþykkt af stjórn í maí 2020. Á árinu 2023 samþykkti stjórn félagsins stefnu um hvernig

Stjórnarháttayfirlýsing - óendurskoðuð

sjálfbærniáhætta fellur inn í fjárfestingarákvörðunartökufæri. Frá á árinu 2019 hefur starfsfólk Íslandssjóða beitt aðferðum ábyrgra fjárfestinga í allri sjóða- og eignastýringu. Stefnurnar eru aðgengilegar á heimasíðu Íslandssjóða.

Upplýsingagjöf er mikilvægur þáttur í starfsemi Íslandssjóða. Á vefsíðu félagsins, www.islandssjodir.is, má meðal annars finna ítarlegar upplýsingar um Íslandssjóði, ársskýrslur, útdrátt úr stefnu varðandi hagsmunaárekstra, stefnu um framkvæmd viðskiptafyrirmæla, áætlun um nýtingu atkvæðisréttar og yfirlit um hvernig atkvæðisréttur var nýttur, síða- og háttarnisreglur, starfsreglur stjórnar og samþykktir félagsins. Auk þess má finna á vefsíðu félagsins ávöxtunartölur, lykilupplýsingaskjöl, upplýsingablöð, reglur og útboðslýsingar verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða félagsins fyrir almenna fjárfesta. Íslandssjóðir eru í samstarfi við Kelduna sem birtir upplýsingar um verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta og samanburð þeirra.

Tilnefningarnefnd

Í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja er mælt til að komið sé á fót tilnefningarnefnd sem hefur ráðgefandi hlutverk við val á stjórnarmönnum og leggur tillögur fyrir aðalfund. Jafnframt er mælt til að hluthafafundur skipi tilnefningarnefnd eða ákveði hvernig hún skuli skipuð. Slík nefnd hefur ekki verið sett á laggirnar hjá félaginu en kostir og gallar slíks fyrirkomulags með hliðsjón af eignarhaldi félagsins voru teknir til skoðunar á aðalfundi 2016. Afstaða fundarins var sú að ekki sé tilefni til að starfrækja slíka nefnd hjá félaginu og hefur sú afstaða ekki tekið breytingum.

Núverandi fyrirkomulag félagsins er með þeim hætti að samkvæmt starfsreglum stjórnar metur stjórn óhæði allra stjórnarmanna og aðila sem eru í framboði fyrir aðalfund félagsins og skal hún gera niðurstöðu sína aðgengilega hluthöfum.

Upplýsingar um brot á reglum sem viðeigandi eftirlits- og/eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Félagið hefur hvorki fengið á sig dóm né verið lagt á það stjórnvaldssekt fyrir brot á lögum um verðbréfasjóði, lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, eða löggjöf um hlutafélög, bókhald, ársreikninga, opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi á árinu 2024.